

HUGREKKI – 8. bekkur

Markmið:

- Nemendur þekki einkenni **félagsþrýstings** og læri að bregðast við neikvæðum félagsþrýstingi.

Tímaáætlun:

- Um það bil 40 mínútur.

Kennslugögn:

- Teningur, 6-H heilsunnar.
- Glætur - Félagsþrýstingur.
- Plaköt:
 - Áhrif reykinga á líkamann
 - Sagt er um reykingar...satt er...
 - Hvað finnst þér um reykingar

Verkefni fyrir nemendur:

- Klípusögur.
- Skrifa á plakatið „Hvað finnst þér um reykingar“.

FÉLAGSPRÝSTINGUR

Tilgangur þessarar fræðslu er að efla nemendur til að hafa hugrekki til að standast neikvæðan félagsprýsting og taka ákvarðanir sem eru góðar fyrir þá.

Til að geta brugðist við neikvæðum félagsprýstingi er mikilvægt að nemendur læri að þekkja einkenni hans. Gott er að brína fyrir nemendum að félagsprýstingur er ekki alltaf neikvæður. Hann getur einnig verið jákvæður og mikilvægt er að fá nemendur til að tileinka sér þann félagsprýsting. Á meðfylgjandi heimasíðum má finna gott efni um félagsprýsting.

<http://www.cyh.com/HealthTopics/HealthTopicDetailsKids.aspx?p=335&np=286&id=1822>

http://kidshealth.org/teen/your_mind/relationships/peer_pressure.html

http://library.thinkquest.org/3354/Resource_Center/Virtual_Library/Peer_Pressure/peer.htm

Verkefni:

- Bekknum er skipt í 4-6 manna hópa og fær hver hópur eina klípusögu til að greina og vinna með.
 - Hópurinn sem tekur reykingarsöguna með Önnu og Nonna velur um leið tvær áhugaverðar staðreyndir af plakötunum „Sagt er um reykingar” og „Staðreyndir um reykingar” og kynnir fyrir bekknum um leið og þau kynna niðurstöður úr verkefninu sínu.
- Hver hópur fyllir út eitt verkefnablað.
- Hver hópur kynnir sínar niðurstöður fyrir bekknum.
- Hjúkrunarfræðingur stýrir umræðum og sýnir um leið nemendum þær staðreyndir sem fylgja hverri sögu.
- Ps. Gott getur verið að dreifa sögunni í fleiri eintökum til hópsins svo að allir geti lesið.